

Ráttan Bettan och masken Baudelaire: Babypoesi och vilda ramsor

Höfundur texta: Annika Sandelin (FI).
Höfundur mynda: Karoliina Pertamina (FI)
Schildts & Söderströms, 2013

Var tilnefnd til Barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2014

Söguþráður: Rottan Bettan og maðurinn Baudelaire eru meðal þeirra persóna sem við kynnumst í þessari ljóða- og myndabók. Í ljóðum sem leiða þig á hversdagslega staði en líka inn í ímyndaðan heim. Hér er að finna ást og alvöru, kímni, villtar þulur og ljóð sem geta kveikt löngun til að leika sér með málið, hreyfa sig og leika sér.

Efnisorð: dýr, náttúra, tilfinningar, hugmyndaflug, daglegt líf, fjölskylda, sambönd, leikur, forvitni, reynsla

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Kemur þú auga á rottuna Bettan? Hvar er maðurinn Baudelaire? Hvaða önnur dýr finnur þú í bókinni? Veljið saman þrjú ljóð til að lesa. Prófið ljóðanudd en þá nuddar þú bakið á barninu um leið og þú lest ljóðin.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið bókarkápuna. Um hvað haldið þið að bókin sé?

2. Lestu ljóðið Har du sett? og snertu þann stað á líkamanum sem nefndur er.

3. Lestur og hreyfing! Í bókinni eru mörg ljóð um dýr. Veljið nokkur þessara ljóða og veltið fyrir ykkur hver-nig dýrin hreyfa sig.

4. Ljóðið Snö hentar vel til að lesa úti. Lesið ljóðið og finnið upp hreyfingar sem eiga við. Klippið út snjókor og setjið á glugga. Getið þið búið til snjókor-nadans saman?



ISBN 978-952-7572-87-0

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Látið börnin loka augum á með þið lesið ljóð. Lesið ljóðið oft en einu sinni. Staldríð við og veltið ljóðinu fyrir ykkur saman. Látið síðan börnin teikna það sem þau sáu þegar þau hlustuðu.

2. Lesið ljóðin Favoritkläder og Morgonstress til að sjá hvernig skáldið notar rímorð. Veltið fyrir ykkur orðum sem skipta miklu máli fyrir ykkur og reynið að finna orð sem ríma við þau.

3. Lesið Ridramsa. Lesið hvert erindi með mismunandi röddu, hraða og hreyfingu. Þuluna er líka hægt að fara með eins og leik í hring:

* Fyrsta setning: ganga réttsælis

* Önnur setning: ganga rangsælis

* Þriðja lína: fara inn í hringinn og mætast

* Fjórða lína: bakka út.

4. Lesið ljóðið Tankar, fyrst í hljóði og síðan upphátt. Finnið 5-6 myndir af fólki, dýrum eða hlutum innan-húss eða utanhúss. Klippið út myndir og límið þær á blað. Skrifðið síðan hugsanabólu við hverja mynd. Um hvað er manneskjan, dýrið eða hluturinn á myndinni að hugsa? Leikið ykkur með mismunandi tilfinningar, hvort sem þær eru erfiðar, skemmtilegar, ljúfar eða sorglegar. Ef þið eruð mörg getið þið gert æfingarnar saman, raðið blöðunum ykkar hlið við hlið svo úr verði urmull af hugsunum. Alveg eins og í ljóðinu Tankar.

5. Skoðaðu bókkarkápuna vel og búðu til ljóð til rottunnar Bettan.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst erfitt að skilja? Sérðu myndir eða tengingar við aðrar sögur?

2. Í ljóðinu Grannar kynnist þú alls konar fólki í háhýsi. Lestu ljóðið og veltu fólkinu fyrir þér, minnir einhver á nágretta þína? Hvaða nágrönnunum í ljóðinu myndir þú vilja kynnast betur og hvers vegna?

3. Eitt ljóðanna heitir Jag vägrar. Getur þú skrifað eitt erindi út frá ljóðinu? Hafðu fjórar línur í því og láttu aðra hverja línu byrja á „ég NEITA að“. Skrifaðu síðan annað erindi á sama hátt en í staðinn fyrir ég NEITA skrifar þú til dæmis mig langar til, ég þori, ég sakna, ég elska.

4. Eitt ljóðið heitir Kylskápsrevolt. Sleppið hugmyndafluginu lausu og ræðið hvað ísskáp gæti dottið í hug daginn eftir. Skrifaðu texta um dag í lífi ísskápsins, hvernig er morgunninn, dagurinn og kvöldið hjá ísskápnum?

5. Skoðaðu myndirnar. Hvað finnst þér um þær? Hvaða tilfinningar sýna myndirnar?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Djur som ingen sett utom vi. Höfundar: Ulf Stark og Linda Bondestam.

Kaikki löytämäni viimeiset. Höfundur: Maija Hurme.

Sorsa Aaltonen ja lentämisen oireet. Höfundar: Veera Salmi og Matti Pikkujämsä.

MÁLAMOLI

"Rotte"

sænska

Råtta

danska

Rotte

norska

Rotte

íslenska

Rotta

færeyska

Rotta

grænlandska

Teriarsuaq

finnska

Rotta

norðursamíska

Roahttu



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)